



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2019

R19100102

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um allsherjaruppfærslu Veitna á orkumælum fyrirtækisins***

Á fundi borgarráðs þann 3. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflökks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 2020-2025 kemur fram að Veitur undirbúi nú allsherjaruppfærslu á orkumælum fyrirtækisins. Verkefnið er stærsta einstaka fjárfestingarverkefnið á tímabilinu. Er búið að ákveða hvar þau muni kaupa nýjustu mælana? Eða verða þeir leigðir af einhverjum? Ef svo er hver er með umboð fyrir mælunum? Eða mun þetta verkefni fara í útboð?

Fyrirspurnin var send Veitum ohf. til umsagnar. Umsögn Veitna barst þann 7. október 2019 og er hjálögð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn Veitna ohf. við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um allsherjauppfærslu Veitna á orkumælum fyrirtækisins, dags. 7.10.2019



Borgarráð

Reykjavík, 07.10.2019

/

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um allsherjaruppfærslu Veitna á orkumælum fyrirtækisins - R19100102**

Veitum hafa borist eftirfarandi fyrirspurn:

***BORGARRÁÐ 3. október 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um allsherjaruppfærslu Veitna á orkumælum fyrirtækisins - R19100102***

*Í fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 2020-2025 kemur fram að Veitur undirbúi nú allsherjaruppfærslu á orkumælum fyrirtækisins. Verkefnið er stærsta einstaka fjárfestingarverkefnið á tímabilinu. Er búið að ákveða hvar þau muni kaupa nýjustu mælana? Eða verða þeir leigðir af einhverjum? Ef svo er hver er með umboð fyrir mælunum? Eða mun þetta verkefni fara í útboð?*

Veitur ohf. hyggjast snjallvæða alla sölumæla sína í hita-, raf- og vatnsveitu eins og fram kemur í fjárhagsspá fyrirtækisins. Ákvörðunin byggir á hagkvæmniathugun sem framkvæmd var á árunum 2016-2018. Öll innkaup vegna verkefnisins verða boðin út, þ.e. mælar, samskiptakerfi, hugbúnaður og vinna við útskipti á mælunum. Veitur ohf. munu sjálfar eiga og reka mælana. Nýlega lauk forvali vegna búnaðar (mælar, samskiptakerfi og hugbúnaður), þar sem þrír þátttakendur í forvalinu stóðust kröfur og munu taka þátt í útboði, sem væntanlega fer fram fyrir lok árs. Þegar tilboð liggja fyrir verður hagkvæmasta lausnin valin. Vinna við útskipti mæla verður boðin út þegar nær dregur framkvæmdum.

Virðingarfyllt,

Elín Smáradóttir  
lögmaður